

kveðjaso. *vb.*-*0* – *leggja*
[kvaddi, kvatt]

– þau kvöddu og fóru

‡ « heilsa

vit*hk.* – *hús*
[-s, -]

– það er ekkert vit að fara út í þessu veðri

‡ • auðvitað, forvitinn, vita, vitlaus, vitneskja, vitni, vitna, vitund » skilningur

kaup*hk.* – *hús*
[-s, -]

– hvað færðu í kaup?

‡ • kaupa, kaupmaður, brúðkaup » laun

skýr*lo.* – *gulur*
[-, -t; -ari, -astur]

– ég sé þetta skýrt fyrir mér

‡ skýrr • skýra, útskýra, skýring, skýrsla

stefn·aso. *vb.*-*i* – *heyra*
[-di]

– þeir stefndu heim á leið

‡ • stefna (no) » stýra

kyn*hk.* – *hús J*
[-s, -]

– beygið nafnorðin í kyni, tölu og falli

‡ • kynslóð

sál*kvk.* – *mynd*
[-ar, -ir]

– hann er hraustur á sál og líkama

‡

alein·n*lo.* – *gulur S*
[-, aleitt]

– hún fer aldrei alein í bíó

‡ • einn (lo)

þol·aso. *vb.*-*i* – *heyra*
[-di]

– ég þoli ekki leti

‡ • þolinmæði

veið·i*kvk.* – *nál*
[-ar, -ar]

– það var góð veiði í ánni

‡ • veiða

verslun*kvk.* – *mynd Ö*
[-ar, verslanir]

– í næstu götu eru verslanir

‡ verzan » búð

óþægileg·ur*lo.* – *gulur*
[-, -t; -ri, -astur]

– stóllinn er óþægilegur

‡ óþægiligr

þvoso. *vb.*-*ór.*
[þvoði, þvoðum, þvegið]

– eruð þið búnar að þvo ykkur um hendurnar?

‡ þvá • þvottur

lið*hk.* – *hús*
[-s, -]

– með hvoru liðinu haldið þið?

‡ » hópur, sveit

þekking*kvk. et.* – *spurning*
[-ar]

– hún gat miðlað nemendum af þekkingu sinni

‡ • þekkja, óþekktur, þekktur

sal·ur*kk.* – *dalur*
[-ar, -ir]

– salurinn rúmar 100 manns

‡ salr